



Sveitarstjórnarfundur 29. janúar 2025

Miðvikudaginn 29. janúar 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 28. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 18 og 19.

Dagskrá 28. fundar:

1. Fundargerð 27. sveitarstjórnarfundar 11.12.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Björgunarmiðstöð á Drangnes
5. Frumdrög svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050
6. Úttekt á brunakerfi Grunnskólans á Drangnesi
7. Hafnarreglugerð Drangneshafnar
8. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029
9. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024-2025
10. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í Úrgangsráð Vestfjarða
11. Umferðaröryggi á Drangnesi
12. Styrktarbeiðni Samkomuhússins Baldurs
13. Erindi til sveitarstjórnar
14. Erindi Þjóðfræðistofu
15. Styrktarbeiðni fyrir matar- og menningarhátíð
16. Styrktarbeiðni Skíðafélags Strandamanna
17. Upplýsingapóstur vegna Hvalárvirkjunar
18. Styrktarbeiðni Miðstöðvar slysavarna barna
19. Verkefnið Græn skref

Fundargerð:

1. Fundargerð 27. sveitarstjórnarfundar 11.12.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar 09.01.2025.
Sveitarstjórn staðfestir bókun byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030. Að auki staðfestir sveitarstjórn bókun nefndarinnar vegna óverulegrar deiliskipulagsbreytingar í landi Hvamms í Bjarnarfirði.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. 150. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 12.12.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 960. fundur stjórnar, 13.12.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Björgunarmiðstöð á Drangnes

Haldinn var sameiginlegur fundur íbúa Kaldrananeshrepps, Björgunarsveitarinnar Bjargar og Slökkviliðs Kaldrananeshrepps þann 14. janúar 2025. Til umfjöllunar eru almannavarnarmál í Kaldrananeshreppi, svo sem framtíðarsýn slökkviliðs og björgunarsveitar.

Var á umræddum fundi lýst yfir þeim áhuga að reisa björgunarmiðstöð á Drangnesi, staðsetta á Grundargötu 21.

Fyrir liggur tilboð frá Límtré Vírnet í staðlað iðnaðarhús að upphæð 19.100.000kr.- með virðisaukaskatti.

Tilboð frá Límtré Vírnet lagt fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboðinu.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

5. Frumdrög svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

Fyrir liggja frumdrög svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 sem markar meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða.

Frumdrög lögð fram til kynningar.

Borið upp og samþykkt.

6. Úttekt á brunakerfi Grunnskólans á Drangnesi

Þann 30. desember síðast liðinn var gerð úttekt vegna brunaviðvörðunarkerfis Grunnskóla Drangness. Stuðst var við leiðbeiningar nr. 6.038 um sjálfvirka brunaviðvörðun frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Úttektin greinir frá því að það eru nokkur atriði sem þörf er á að laga en þar kemur fram að það vanti reykj- og hitaskynjara og að brunahandboða vantar við brunastöðina.

Úttekt lögð fram til kynningar.
Oddvita falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

7. Hafnarreglugerð Drangsneshafnar

Þörf er á að taka hafnarreglugerð Drangsneshafnar við Steingrímsfjörð til yfirferðar með hliðsjón af viðmiðum hafnarreglugerðar um stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó.

Hafnarstjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

8. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029

Fyrir liggur Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 til kynningar í sveitarstjórn. Sóknaráætlun Vestfjarða er byggðáætlun fyrir Vestfirði sem byggir á mati íbúa svæðisins á því hvernig svæðið eigi að þróast næstu ár.

Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 lögð fram til kynningar.

9. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024-2025

Atvinnumálaáðherra hefur, samkvæmt reglugerð nr. 817/2024 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 2024-2025 úthlutað sveitarfélaginu 76 þorskígildistonn.

Finnur Ólafsson, Halldór Logi, Hildur og Ísabella víkja af fundi vegna vanhæfis.

Úthlutun byggðakvóta lögð fram til kynningar.
Arnlín tekur við fundarstjórn.
Sveitarstjórn ákveður að halda óbreyttu fyrirkomulagi frá fyrra ári.
Oddvita falið að senda rökstuðning þess efnis inn til ráðuneytis.
Borið upp og samþykkt.

Finnur Ólafsson, Halldór Logi, Hildur og Ísabella mæta aftur á fund.
Hildur tekur aftur við fundarstjórn.

10. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í Úrgangsráð Vestfjarða

Óskað er eftir því að Kaldrananeshreppur tilnefni fulltrúa í Úrgangsráð Vestfjarða en ráðið hefur það verkefni að stilla saman strengi, vinna að og fylgja eftir þeim verkefnum í úrgangsmálum sem varða öll sveitarfélögin á Vestfjörðum.

Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Finn Ólafsson og Hildi Aradóttur til vara.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

11. Umferðaöryggi á Drangnesi

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps barst erindi er varðar umferðaröryggi á Drangnesi. Óskað er eftir því að sett verði upp hraðahindrun við bæjarmörk Drangness til þess að

hægja á þeim bílum sem koma inn í bæinn.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn hefur óskað eftir því við veghaldara sem hefur ábyrgð með veginum að umferðaröryggi við bæjarmörk Drangness yrði aukið.

Ákveðið er að ítreka við veghaldara að það sé brugðist við fyrir næstkomandi sumar.

Að auki verður áminning sett inn á samfélagsmiðla sveitarfélagsins.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

12. Styrktarbeiðni Samkomuhússins Baldurs

Samkomuhúsið Baldur óskar eftir styrk sveitarfélagsins sem nemur fasteignagjöldum 2024 og 2025.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða við þeirri beiðni að upphæð 358.750kr.- & 380.030kr.- sem er upphæð fasteignagjalda að frádregnu sorpgjaldi.

Skrifstofustjóra falið að útbúa staðfestingarbréf.

Borið upp og samþykkt.

13. Erindi til sveitarstjórnar

Erindi barst til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps er varðar lausagöngu hunda á Drangnesi.

Erindi lagt fram til kynningar.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

14. Erindi Þjóðfræðistofu

Þjóðfræðistofa sendi sveitarstjórn Kaldrananeshrepps erindi til kynningar en á Ströndum er ekki starfandi héraðsskjalasafn og hefur aldrei verið. Þjóðfræðistofa telur að þörf er á slíku safni og lengi hefur verið áhugi á svæðinu að skjalasafni sé komið á fót.

Erindi Þjóðfræðistofu lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur vel í allar þær hugmyndir er varða varðveislu gagna á svæðinu.

Borið upp og samþykkt.

15. Styrktarbeiðni fyrir matar- og menningarhátíð

Til stendur að halda matar- og menningarhátíð í Kaldrananeshreppi þar sem íbúar hreppsins útbúa mat af ýmsu tagi og bjóða gestum. Enginn aðgangseyrir verður að hátíðinni og er óskað eftir styrk að upphæð 50.000kr.-

Styrktarbeiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að veita styrk að upphæð 50.000kr.-

Borið upp og samþykkt.

16. Styrktarbeiðni Skíðafélags Strandamanna

Skíðafélag Strandamanna hafa fest kaup á nýlegum snjótroðara og eru spennandi tímar framundan hjá skíðafélaginu fyrir komandi vetrarstarf. Þar af leiðandi óskar Skíðafélag Strandamanna eftir frjálsum framlögum.

Styrktarbeiðni tekin fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að veita styrk að upphæð 400.000kr.-

Borið upp og samþykkt.

17. Upplýsingapóstur vegna Hvalárvirkjunar

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps barst upplýsingarpóstur vegna Hvalárvirkjunar en undirbúningur virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði er í fullum gangi og hefur margt áunnist á árinu varðandi hönnun, skipulagsmál og verkskipulag.

Upplýsingapóstur lagður fram til kynningar.

18. Styrktarbeiðni Miðstöðvar slysavarna barna

Styrktarbeiðni barst frá Miðstöð slysavarna barna en félagið stendur fyrir fræðslu fyrir foreldra um slysavarnir ungra barna á heimilum og öryggi þeirra í bílum í samvinnu við heilsugæsluna.

Óskað er eftir 50.000kr.- styrk til styrktar kennsluefnis á netinu fyrir foreldra búsetta á landsbyggðinni sem og erlenda foreldra.

Styrktarbeiðni tekin fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

19. Verkefnið Græn skref

Fyrirspurn barst frá Vestfjarðastofu hvort Kaldrananeshreppur vilji taka þátt í verkefninu Græn skref. Tilgangur verkefnisins er að aðstoða sveitarfélögin á Vestfjörðum við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi sinnar og draga úr losun vegna hennar.

Fyrirspurn tekin fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að taka ekki þátt í verkefninu að svo stöddu.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:15